

Klofningsvegur (590) í Dalabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 30. mars 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um endurbyggingu Klofningsvegar (590) í Dalabyggð samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalabyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Landsnets, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Rarik og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Klofningsvegur (590) í Dalabyggð: Vestfjarðarvegur (60) - Kýrunnarstaðir, Hönnunardeild og Vestursvæði Vegagerðarinnar, kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu. Vegagerðin. Mars 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Dalabyggð dags. 30. maí 2023
- Fiskistofu dags. 12. júní 2023
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 30. maí 2023
- Landsneti dags. 19. maí 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. maí 2023
- Rarik dags. 31. maí 2023
- Umhverfisstofnun dags. 31. maí 2023

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 23. og 26. maí, 2. og 14. júní 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu 8,3 km langs kafla á Klofningsvegi (590), milli Vestfjarðarvegar (60) og Kýrunnarstaða í Hvammsveit í Dalabyggð. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar með það að markmiði að bæta vegasamgöngur við Hvammsfjörð, auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum í Dalabyggð. Vegurinn verður hærri og breiðari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggum hliðarsvæðum. Vegurinn verður 6,5 m breiður með 6 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Uppbygging og burðarþol vegarins miðast við 90 km/klst og 10 t. Hæðarlega verður löguð og blindhæðir lagfærðar. Til að draga úr slyshættu er gert ráð fyrir öryggissvæði meðfram veginum. Vegrið verða sett upp þar sem ekki er hægt að koma fyrir öryggissvæði. Vegtengingar að býlum, slóðum og túnum verða aðlagðar nýrri hæðarlegu endurbyggðs vegar.

Klofningsvegur er fáfari tengivegur og er veghelgunarsvæði hans 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu til hvorrar handar. Framkvæmdasvæðið verður að mestu innan veghelgunarsvæðis en á nokkrum stuttum köflum liggur það utan þess vegna stórra skeringa. Vegurinn verður að mestu



leyti lagður á fyllingu en hannaðar skeringar verða á nokkrum stöðum meðfram honum vegna lagfæringa á hæðarlegu og útvíkka þarf skeringu í krappri beygju utan við Hofakur.

Efnistaka og frágangur

Áætluð efnispörf endurbyggðs vegar er um 123 þúsund m³ og er efnistaka að mestu fyrirhuguð úr skeringum meðfram vegi, en það sem upp á vantar verður sótt úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins og um 20-30 þúsund m³ af efni sem vantar í styrktarlag verður sótt úr malareyrum Laxár og/eða Hvammsár. Niðurstöður rannsókna, samráðs og leiðbeininga Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar munu leiða í ljós endanlega ákvörðun um tilhögun þeirrar efnistöku.

Öllum lífrænum jarðvegi á yfirborði náma og skeringa verður ýtt í haug þegar efnistaka hefst og hann geymdur til að nota við frágang að verki loknu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að leggja þurfi áherslu á að ekki verði farið í námur við Krosshólaborgir og ganga mætti betur frá námum við Borgirnar í tengslum við framkvæmdina og um leið hætta allri efnistöku þar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að námur séu starfsleyfisskyldar skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Ekki sé heimilt að nýta námur sem ekki hafa verið almennilega skilgreindar. Aðeins ætti að nýta námur með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti en einungis hafi verið sótt um örfá starfsleyfi fyrir námur á Vesturlandi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði farið í efnistöku í námu við Krosshólaborgir og frágangur ráðist að miklu leyti af magni ónýtilegs efnis í verkefninu. Hvað efnistöku úr útvíkkuðum skeringum og áreyrum Hvammsár varðar þá sé ekki um skilgreindar námur að ræða, landeigendur hafi óskað eftir því við Vegagerðina að tekið verði efni úr áreyrunum. Hafrannsóknastofnun hafi unnið umsögn fyrir Vegagerðina með leiðbeiningum vegna efnistöku í áreyrum til að lágmarka áhrif framkvæmdanna á lífríkið í ánni.

Línur

Geiradalslína 1, loftlína í eigu Landsnets þverar núverandi veg ásamt loftlínu í eigu Rarik. Ofan vegarins á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, liggur jarðstrengur í eigu Rarik og þverar veginn á tveimur stöðum, sem og lagnir frá Mílu sem þvera veginn á fjórum stöðum. Samráð verður haft við Landsnet, Rarik, Orkubú Vestfjarða og Mílu vegna framkvæmdanna.

Í umsögn Landsnet kemur fram að hugsanlegt sé að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Sérstaka aðgát skal viðhafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skuli öryggisfjarlægðir. Tryggja þurfi persónuöryggi á framkvæmdatíma sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni ítreka í útboðsgögnum að ekki megi hefja vinnu innan veghelgunarsvæðis flutningsvirkis á svæðinu nema fyrir því liggja heimild Landsnets. Einnig muni vera kvaðir um persónuöryggi starfsmanna á framkvæmdatíma, í gögnunum.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Verndarsvæði

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að í nágrenni framkvæmdasvæðisins sé verndarsvæði Breiðafjarðar og grannsvæði vatnsverndar ásamt hverfisverndarsvæði, friðlýstum minjum og votlendissvæðum sem séu vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd. Ekkert þessara



verndarsvæða verði raskað og gert sé ráð fyrir að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á þau.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að farið verði um vatnsverndarsvæði tveggja bæja við framkvæmdirnar. Til sé verklagsregla hjá Vegagerðinni um framkvæmdir á slíkum svæðum sem ætti að hafa til hliðsjónar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði sé lagt til að tæki verði lekaskoðuð þar sem vinna fari fram í nálægð við þau, líkt og unnið sé inni á vatnsverndarsvæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að kröfur til verktaka varðandi vatnsverndarsvæðið verði settar í útboðslýsingu.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist landslagið af flatlendi, lágum heiðum og dölum. Frá núverandi vegi sé víða fagurt útsýni yfir og út fjörðinn. Landslaginu á framkvæmdasvæðinu hafi þegar verið raskað. Endurbyggður vegur komi til með að verða breiðari en núverandi vegur með meira aflíðandi fláum og á hærri fyllingum og í dýpri skeringum til að jafna veginn í landinu. Að mati framkvæmdaraðila muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd, enda um endurbyggingu núverandi vegar að ræða. Ásýnd svæðisins mun ekki breytast mikið, nema að því leyti að lagt verði bundið slitlag í stað malarvegjar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að leggja þurfi áherslu á að við hönnun vegarins verði skeringar ekki látnar ráðast af stöðluðu útliti sem massaforrit Vegagerðarinnar skili af sér. Útlit skeringa taki ekki tillit til landhalla og landforma. Það þurfi að gera grein fyrir því að þarna sé ekki um endanlegt útlit skeringa að ræða í gögnum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að það verði tilgreint í útboðsgögnum að ekki sé um endanlegt útlit skeringa að ræða heldur verði reynt að skilja við frágang stærri skeringa líkt og gert hafi verið í samvinnu við Umhverfisstofnun á Djúpadalsleið. Þar hafi ónothæfu efni verið safnað saman í kverkar í skeringum og reynt að koma lífrænum jarðvegi yfir með grenndargróðri til að halda í staðargróður.

Gróðurfar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að land sé almennt vel gróið í nágrenni Klofningsvegjar í Hvammssveit og tún og beitolönd séu meðfram núverandi vegi. Á tveimur stöðum nærri framkvæmdasvæðinu séu votlendi stærri en 2 ha sem njóti verndar náttúruverndarlaga. Vegagerðin telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á gróður á framkvæmdasvæðinu. Uppgræðsla verði í samráði við Landgræðsluna, Umhverfisstofnun og landeigendur.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að skeringar muni valda raski á gróðurlendi, sums staðar lítt snortnu m.a. votlendi sem njóti verndar. Æskilegt sé að skilgreina mótvægisáðgerðir til endurheimtar votlendis. Framkvæmdaraðila beri að bæta það rask á gróðri sem tapast við framkvæmdirnar með uppgræðslu eins og við á og gæta þess að framandi ágengum plöntutegundum sé ekki dreift við tilflutning á efni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé talið að endurbygging Klofningsvegjar komi til með að raska frekar votlendi utan þess svæðis sem áður hafi verið raskað með mannvirkjagerð. Fyrirhuguð framkvæmd sé alls staðar innan veghelgunarsvæðis vegarins. Því sé ekki fyrirhugað að skilgreina áætlun um endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar.



Fuglalíf

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að ekki hafi verið kannað hvort sjaldgæfa fugla sé að finna á eða í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Breiðafjörðurinn sé einkum þekktur fyrir auðugt lífríki, sér í lagi fuglalíf líkt og komi fram í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Framkvæmdin gæti haft tímabundin áhrif á fugla á meðan á framkvæmdum stendur en gert sé ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg þar sem um sé að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að áreyrar geti verið mikilvæg búsvæði fyrir fuglategundir m.a. á varptíma og taka þurfi tillit til þess við skipulag efnistökkunar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin hafi verið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu síðan farið var að skoða umrædda efnistöku. Niðurstaða efnismála sé sú að ekkert efni verði tekið úr Laxá en áreyrar Hvammsár verði nýttar og hafi áætlun um efnistöku og frágang verið unnin í samráði við stofnanirnar. Efnistakan muni fara fram haustið 2023 eða utan varptíma fugla og öllum framkvæmdum á svæðinu við Hvammsá muni verða lokið fyrir varptíma fugla árið 2024. Með því ættu áhrif framkvæmdarinnar á fugla á svæðinu að verða óveruleg.

Laxfiskar og veiði

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Laxá og Hvammsá séu á fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Hvammsá og Laxá séu dragár og einhver veiði sé stunduð í þeim báðum, þó meira í Laxá. Vegrið beggja brúnna yfir Laxá og Hvammsá verði löguð og lengd beggja vegna ásamt því að fyrirhuguð sé efnistaka úr áreyrum fyrir framkvæmdirnar. Framkvæmdirnar gætu haft tímabundin áhrif á laxfiska og veiði á meðan framkvæmdum stendur vegna hávaða og umferðar vinnuvéla. Framkvæmdasvæðið verði takmarkað eins og kostur er. Gæta eigi að því að ekki berist mengandi efni í vatnið, reglubundið eftirlit verði með áhöldum og vélum sem notuð verða. Gætt verði að því að áin breyti ekki um farveg vegna efnistökkunar.

Fornleifar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að engar þekktar fornminjar sé að finna innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, friðlýstar fornminjar séu hins vegar í landi Skerðingsstaða og við Hvamm. Fyrirhugaðar framkvæmdir ná hins vegar inn fyrir friðhelgunarsvæði fornminja í landi Skarfastaða þ.e. forns gerðis. Minjastofnun hafi þegar heimilað að framkvæmdir fari inn fyrir friðhelgunarsvæði minjanna með því skilyrði að tekið sé fullt tillit til þeirra við framkvæmdirnar, þær séu merktar á áberandi hátt og verktökum sé gert viðvart um þær svo þær verði ekki fyrir raski af vangá.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við auglýsta tillögu að nýju Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Dalabyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Starfsleyfi þarf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands fyrir tímabundna verktakaaðstöðu skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Sækja þarf um starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ef mótuneyti verður sett upp í tengslum við framkvæmdina samkvæmt ákvæðum matvælalaga.

Framkvæmdin er háð leyfi frá Fiskistofu vegna framkvæmda í eða við veiðivatn samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Ef raska þarf fornminjum þarf að afla leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar.



6 Niðurstaða

Um er að ræða endurbyggingu 8,3 km langs kafla á Klofningsvegi (590), milli Vestfjarðarvegar (60) og Kýrunnarstaða í Hvammsveit í Dalabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, mengunar og ónæðis, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar meðal annars umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Hér er um að ræða umfangslitlar framkvæmdir við endurbyggingu vegarkafla og hefur fyrirhuguðu framkvæmdasvæði verið raskað að mestu leyti áður með mannvirkjagerð og mun endurbygging vegarins fylgja núverandi vegstæði að langmestu leyti. Skipulagsstofnun telur ekki líkur á að fyrirhuguð efnistaka úr áreyrum Hvammsár í því magni sem fyrirhugað er hafi áhrif á lífríki, þ.m.t. fugla, eða farveg árinna ef farið verður eftir leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar við framkvæmdirnar og leggur Skipulagsstofnun áherslu á mikilvægi þess að gott samráð verði haft við Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun við fyrirkomulag og tímasetningu framkvæmdanna. Stofnunin telur jafnframt ekki líkur á að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á verndargildi Breiðarfjarðar, vatnsvernd, hverfisvernd eða votlendissvæði á svæðinu vegna lítills rasks af þeirra völdum; vegna skeringa á köflum meðfram núverandi vegstæði, breikkun vegarins, nýrri hæðarlegu og lagfæringu vegriða á brúm. Skipulagsstofnun leggur jafnframt áherslu á mikilvægi skilyrða Minjastofnunar Íslands sem fram koma í umsögn frá 8. nóvember 2022 og að farið verði eftir þeim; þannig sé dregið úr hættu á óþarfa raski á fornminjum. Að lokum telur stofnunin að þar sem rask verður minniháttar muni áhrif á gróðurfar, jarðmyndanir, landslag og ásýnd ekki verða veruleg. Skipulagsstofnun leggur áherslu á góða umgengni og vandaðan frágang við framkvæmdirnar til þess að draga úr líkum á möguleikum áhrifum á ofangreinda umhverfisþætti.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. júlí 2023.

Reykjavík, 20. júní 2023

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir